



Stjórn SSH 525. fundur

Mánudaginn 7. júní 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi, Garðabæ.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Karl M. Kristjánsson boðaði forföll.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Framkvæmdir á skíðasvæðunum / málsnr. 1501005

Á 521. fundi stjórnar heimilaði stjórn að hafið yrði samkeppnisútbóð nr. 14347 Purchase and installation of ski lifts for The Reykjavík Capital Area Ski-Ares ásamt viðaukum, á grundvelli e. liðar 2. mgr. 33. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

Tilboð í ofangreindu samkeppnisútbóði voru opnuð hinn 11. maí sl. og bárust þrjú tilboð. Farið hefur fram mat á fjárhagslegu hæfi lögstbjóðanda ásamt tæknilegu mati og stenst lögstbjóðandi allar kröfur útboðsgagna. Verkefnahópur vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins leggur til að samið verði við lögstbjóðanda, Dobbeldmayr skíðalyftur ehf.

Hjálagt eru minnisblöð VSÓ ráðgjafar dags. 27. maí 2021 og fundargerðir verkefnahóps vegna uppbyggingar og rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 17. maí 2021 og 2. júní 2021.

Margrét Lilja Gunnarsdóttir frá Innkaupaskrifstofu Reykjavíkur og Einar K. Stefánsson frá VSÓ ráðgjöf eru gestir fundarins undir þessum lið. Einar K Stefánsson kynnir framangreint.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir töku tilboðs lögstbjóðanda, Dobbeldmayr skíðalyfta ehf.

2. Gönguskíði – uppbygging aðstöðu / málsnr. 2104007

Á 524. fundi sínum vísaði stjórn SSH því til verkefnahóps vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins að skoða hvort og með hvaða hætti unnt væri að ráðast í framkvæmdir til bætingar salernisaðstöðu á suðursvæði Bláfjalla innan þeirrar fjárhagsáætlunar sem þegar liggur fyrir vegna framkvæmda á skíðasvæðunum. Verkefnahópurinn, leggur til, sbr. bókun á fundi hans 2. júní 2021, að ráðist verði í framkvæmdir við uppbyggingu salernisaðstöðu



á suðursvæðinu, enda rúmast það innan fyrirbyggjandi fjárhagsáætlunar vegna framkvæmda á skíðasvæðunum. Þá er fyrirbyggjandi minnisblað Magnúsar Árnasonar framkvæmdastjóra Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins þar sem fram kemur fjárhagsáætlun þessa verkefnis.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að veita allt að 50 milljónum kr. af verkefnafé samkvæmt samkomulagi um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins til þessa verkefnis. Er verkefnahópi vegna uppbyggingar og reksturs Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins falið að hefja undirbúnings- og framkvæmdaferli vegna þess verkefnis í samræmi við fyrirbyggjandi áætlun, með það að markmiði að verkefninu verði lokið fyrir næsta vetur.

3. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Framhald umræðu frá fyrri fundum. Á 524. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi bókað í fundargerð: *Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti tillögu starfshópsins um að stefnuráði verði komið á fót skv. þeim tillögum sem fram koma í minnisblaði starfshópsins frá 8.apríl 2021. Til viðbótar þeim tillögum sem þar liggja fyrir er lagt til að mat fari fram á fyrirkomulagi og árangri þess að tveimur árum liðnum. Lagt er til að formennska í ráðinu verði á höndum formanns stjórnar SSH og borgarstjóra. Þá skuli framkvæmdastjóri SSH starfa með ráðinu. Haldinn verði kynningar- og umræðufundur fyrir kjörna fulltrúa um tillögur starfshópsins og næstu skref föstudaginn 7. maí nk. Þá er skrifstofu SSH falið að hefja undirbúning að erindisbréfi ráðsins, breytingum á stofnsamningum byggðasamlaganna og öðrum þeim þáttum sem nauðsynlegar kunna að vera vegna framgangs málsins. Þau gögn verði kynnt stjórn SSH, rafrænt eða á fundi stjórnar, og í kjölfarið send hlutaðeigandi sveitarfélögum til umræðu og afgreiðslu ásamt beiðni um tilnefningu í stefnuráðið.*

Fyrirbyggjandi eru drög að viðaukum við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs., þar sem m.a. er kveðið á um skipan, hlutverk og umboð stefnuráðs, stefnuþing byggðasamlaga og bráðabirgðahlutverk stefnuráðs. Gerð er tillaga um að fyrirbyggjandi viðaukar verði sendir til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna. Jafnframt er SSH falið að óska eftir tilnefningu sveitarfélaganna í stefnuráð en tilnefningar skulu hafa borist eigi síðar en 15. ágúst nk.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH er falið að senda drög að viðaukum við stofnsamninga Sorpu bs. og Strætó bs. til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Jafnframt verði beiðnir um tilnefningar á fulltrúum í stefnuráð sendar sveitarfélögunum en tilnefningar skulu liggja fyrir 15. ágúst nk. Málinu verði fylgt eftir með kynningu óski sveitarfélögin þess.

4. Áfangastaða- og markaðsstofur / málsnr. 2102010

Fyrir liggur minnisblað ráðgjafahóps um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið. Inga Hlín Pálsdóttir ráðgjafi er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir vinnuna til þessa og tillögur um næstu skref.



Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að halda vinnunni áfram inn í áfanga 2, þar sem skoðuð verður sérstaklega fjármögnun og tekjumódel með hagaðilum, ásamt tilflutningi verkefna. Þar verði horft til þeirrar vinnu um stofnun áfangastaða- og markaðsstofu til framtíðar sem þegar hefur farið fram um verkefnið í áfanga 1. Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra er falið að hefja viðræður við ríkið, sem og atvinnulífið, um fjármögnun og samstarf vegna þessa verkefnis.

5. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Fyrir liggja drög að samningi um fjármagnsskipan Betri samgangna sem unnin hafa verið á grundvelli 3. og 6. gr. samkomulags ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019 (Samgöngusáttmálinn) og 6. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri kynnir drögin.

Niðurstaða fundar:

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að ljúka viðræðum um samninginn á grundvelli þeirra draga sem nú liggja fyrir og er framkvæmdastjóra í kjölfarið falin undirritun hans.

6. Heildarendurskoðun á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk / málsnr. 2106002

Haraldur L. Haraldsson er gestur fundarins undir þessum lið og gerir grein fyrir þeirri vinnu sem stendur yfir hjá starfshópi félags- og barnamálaráðherra um heildarendurskoðun á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og starfshópi um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk.

Gunnar Einarsson formaður víkur af fundi. Haraldur Sverrisson varaformaður tekur við fundarstjórn.

7. Staða barna með fjölþættan vanda / málsnr. 2105007

Fyrirliggjandi er skýrsla stjórnenda í barnavernd á höfuðborgarsvæðinu um stöðu barna með fjölþættan vanda, en hún hefur verið til umræðu hjá velferðarsviðum sveitarfélaganna undanfarið. Þá liggur fyrir bréf til félags- og barnamálaráðherra en hann mætti til vorfundar samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu sveitarfélaga hinn 7. maí sl. og var sent bréfið í kjölfar fundarins. Ráðherra hefur upplýst að boðað verði til fundar vegna málsins fljótlega. Með tölvupósti, dags. 20. maí 2021, vísaði Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar, og formaður samráðshóps velferðarsviða hjá SSH, framangreindu til umfjöllunar stjórnar SSH. Gerð er tillaga um að skýrslunni og bréfinu verði vísað til kynningar hjá sveitarfélögunum.



Niðurstaða fundar:

Stjórn hvetur til frekari umræðna og úrbóta vegna þeirra þátta sem bent er á í skýrslunni og fyrirbyggjandi bréfi en um mikilvæga hagsmuni er að ræða og brýnt að leyst verði úr ágreiningi um hlutverk, ábyrgð, kostnaðarskiptingu og verklags aðila sem að þessum málum koma. Jafnframt er brýnt að úrræði fyrir þau börn sem hafa þörf fyrir og eiga rétt á þjónustu af hálfu ríkisins séu skilvirk og til staðar. Þeim kostnaðarauka sem fallið hefur á sveitarfélögin undanfarin ár vegna þessa hefur þá ekki verið mætt af hálfu ríkisins.

Er skrifstofu SSH falið að boða til kynningar- og umræðufundar fyrir kjörna fulltrúa um stöðu barna með fjölþættan vanda. Í framhaldinu verði skýrsla um stöðu barna með fjölþættan vanda, ásamt fyrirbyggjandi bréfi til félags- og barnamálaráðherra send til velferðarnefndar Alþingis. Þá verði hún tekin til kynningar og umræðu hjá þeim sveitarfélögum sem ekki hafa nú þegar tekið málið fyrir.

8. Rekstur SSH 2021 / málsnr. 2106001

Fyrirbyggjandi er fjögurra mánaða uppgjör vegna janúar-apríl 2021.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram.

9. Erindi Áhugafólks um samgöngur fyrir alla / málsnr. 2104003

Á 524. fundi stjórnar var erindi ÁS, Áhugafólks um samgöngur fyrir alla, um BRT-Lite hraðvagnakerfi vísað til Betri samgangna ohf. og þeirrar umfjöllunar sem þar fer fram. Fyrir liggur bréf framkvæmdastjóra Betri samgangna ohf., dags. 4. júní 2021, til stjórnar SSH vegna framangreinds.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH falið að senda bréf Betri samgangna ohf. sveitarfélögunum til kynningar.

10. Byggðaáætlun til 15 ára / málsnr. 2101005

Lögð er fram umsögn SSH við hvítbókardrög vegna endurskoðunar byggðaáætlunar, en á 524. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið að koma sjónarmiðum stjórnar á framfæri. Umsögnin var unnin í samstarfi við formann og stjórn milli stjórnarfunda.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram og samþykkt.



11. Fundargerðir stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 70. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, 19. apríl 2021.

Fundargerð 71. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, 10. maí 2021.

12. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:00